

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. október 2015
Tilvísun:FMS1510025/00.08.00

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Þingskj. 133 – 133. mál.

Vísað er í beiðni nefndasviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 29. sept. sl. um umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Í frumvarpinu er kveðið á um gerð stefnumarkandi landsáætlunar til tólf ára og þriggja ára verkefnaáætlunar sem er hluti af og innan ramma landsáætlunarinnar.

Almenn umsögn:

Ferðamálastofa fagnar framkomnu frumvarpi sem ætlað er að gera heildaráætlun um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar. Mikilvægt er að tekin sé ákvörðun um hvaða ferðamannastaði eigi að byggja upp og að umferð ferðamanna verði beint á þá staði, sem geta tekið við aukinni umferð. Margir staðir hafa látið á sjá vegna aukinnar umferðar ferðamanna og þess vegna er nauðsynlegt að ráðist verði kerfisbundið í uppbyggingu innviða og þjónustu á ferðamannastöðum til að tryggja óafturkræfan skaða sem aukin umferð kann að valda. Það er því fagnaðarefni að stjórnvöld móti skýra stefnu um nýtingu ferðþjónustunnar á náttúru landsins

Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðþjónustan á Íslandi byggir á til framtíðar. Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðþjónustan lagt áherslu á hreinleika og lítt snortna náttúru en skv. könnunum er náttúran helsta forsenda heimsókna erlendra ferðamanna til landsins. Styrkur Íslands sem ferðamannalands felst því einkum í sérstakri og lítt raskaðri náttúru. Náttúran er varan sem íslensk ferðþjónusta er að selja og ákaflega mikilvægt að henni sé ekki spillt. Þegar farið er af stað með áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum er mikilvægt að þær séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknum og unnar af varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru Íslands, samfélagsins og sögu.

Athugasemdir við einstakar greinar frv.

Eftirfarandi athugasemdir byggja á nýjum sem og eldri athugasemdum, sem sendar voru við fyrra frumvarp og náði ekki fram að ganga á síðasta þingi.

Heiti frumvarpsins

Ferðamálastofa veltir upp þeirri spurningu af hverju orðin „fyrir ferðamenn“ hafi verið tekin út úr heiti frumvarpsins. Frumvarpið beinist að ferðþjónustunni og ferðamönnum. Breytingin er ekki lýsandi fyrir innihald frumvarpsins og því leggur Ferðamálastofa til að orðunum „á ferðamannastöðum“ verði bætt við heiti frumvarpsins og heiti þess verði „Frumvarp til laga

um landsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum til verndar náttúru og menningarlegum minjum. Með því er heitið meira lýsandi fyrir innihald þess.

2. gr. Gildissvið og skilgreiningar

2. tl. 2. mgr. Lagt er til að orðinu „menningu“ verði bætt við skilgreininguna á ferðamannastað þannig að um skilgreindan stað verði að ræða sem hefur aðráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru hans, menningu og sögu.

Einnig telur Ferðamálastofa skorta á betri skilgreiningu á hugtakinu ferðamannastað og/eða með hvaða hætti staðir falla undir hugtakið. Til dæmis mætti kanna þá leið að sveitarfélögum yrði skylt að skilgreina ferðamannastaði s.s. í aðalskipulagi. Sama á við um hugtökin ferðamannaleiðir og –svæði.

3. gr. Stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára

Ferðamálastofa telur nauðsynlegt að landsáætlun um uppbyggingu innviða taki tilliti til stefnumörkunar sveitarfélaga sem fram koma í svæðis- og aðalskipulagi. Í aðalskipulagi sveitarfélaga birtast stefnur þeirra m.a. í ferðamálum og telur Ferðamálastofa mikilvægt að áætlun um uppbyggingu innviða eigi að byggja á þeim auk landsskipulagsstefnu.

4. gr. Þriggja ára verkefnaáætlun

Í niðurlagi er tilgreint að áður en verkefnaáætlunin tekur gildi skuli hún kynnt fyrir umhverfis- og samgöngunefnd. Ferðamálastofa telur að áætlunin skuli einnig kynnt atvinnumálanefnd, sem fer með málefni ferðamála almennt. Það er í anda nýkynnts Vegvísis í ferðaþjónustu þar sem áhersla er á samhæfingu stofnana hvað ferðamálin varðar. Þar sem verkefni tengd ferðamálum eru á forræði margra ráðherra þarf að samhæfa áherslur, verkefni o.fl. þvert á ráðuneyti.

5. gr. Verkefnisstjórn

Ferðamálastofa vill vekja athygli á því að mikilvægt sé að huga að samsetningu verkefnisstjórnarinnar og að í stjórninni sitji fulltrúar með fagþekkingu á sviði uppbyggingar og viðhalds á ferðamannastöðum og á náttúru Íslands.

6. gr. Ráðgjafarnefnd um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára

Ferðamálastofa leggur til að fulltrúi Markaðsstofa landshlutanna sitji í ráðgjafarnefndinni. Mikilvægt er að markaðsstofurnar eigi aðkomu að gerð áætlanna varðandi það hvernig forgangsroðuninni er háttað. Það samrýmist einnig því forgangsverkefni í nýkynntum Vegvísí ferðaþjónustunnar að stefnumótandi stjórnunaráætlanir verði unnar fyrir hvert landssvæði, en slíkar áætlanir fela m.a. í sér að gera þarf áætlanir um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna. Mikilvægt er að tryggja samræmi milli lands- og verkefnaáætlunar um uppbyggingu innviða annars vegar og stefnumótandi stjórnunaráætlana hins vegar.

Gert er ráð fyrir að ráðgjafarnefndin sé verkefnisstjórninni til ráðgjafar og samráðs við undirbúning landsáætlunarinnar. Mikilvægt er að ráðgjafarnefndin hafi virka aðkomu að undirbúningnum og að gerð verði verkáætlun milli verkefnastjórnarinnar og ráðgjafarnefndarinnar.

Aðrar athugasemdir

Í umsögn fjármálaráðuneytisins má gera ráð fyrir að ráða þurfi einn starfsmann til að starfa fyrir verkefnisstjórnina og sinna öðrum verkefnum sem gerð landsáætlunar felur í sér, s.s. skipulagi samráðs, samningagerð og eftirliti með framkvæmd samninga, og er áætlaður



kostnaður vegna þessa 9,5 milljónir króna. Að auki má ætla að til falli einhver rekstrarkostnaður hjá umverfis- og auðlindaráðuneytinu í tengslum við þetta starf en sá kostnaður ætti að vera óverulegur. Ferðamálastofa telur þennan kostnað vanmetinn en gera má ráð fyrir aðkeyptri vinnu sérfræðinga og útlöðum kostnaði vegna funda sem getur verið töluverður, sérstaklega ef stjórnarmenn koma langt að. Jafnframt má gera ráð fyrir að stöðugildi eins starfsmanns sé vanmetið en um umfangsmikla vinnu er að ræða.

Í frumvarpinu er ekkert kveðið á um tengingu við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en gera má ráð fyrir forgangsstöðun í lands- og verkefnaáætlun verði grundvöllur úthlutana styrkja úr sjóðnum. Ferðamálastofa bendir á að taka þurfi af allan vafa um hvort áætlanirnar verðir grundvöllur úthlutana eða ekki en mikilvægt er fyrir þá sem sækja um styrki úr sjóðnum að geta kynnt sér hvers má vænta og það eykur einnig á gegnsæi ákvarðana.

Ferðamálastofa er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar til að fylgja eftir umsögn sinni og svara spurningum sem kunna að vakna.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu



Örn Þór Halldórsson, Umhverfisstjóri